

Félag smábátaeigenda á Austurlandi.

Tillögur til 30. aðalfundar Landssambands smábátaeigenda
16. og 17. okt 2014.

Strandveiðar

Fundurinn vill að veiðidagar verði 4 í viku (mánudagur – fimmtudagur) og fái veiðimenn að velja um fjóra mánuði af sex mánaða tímabili apríl til sept. Við þetta mundi heildarafli aukast lítillega en ávinningur yrði mikill er varðar jafnari dreifingu aflans innan tímabilsins.

Byggðakvóti

Fundurinn hvetur stjórnvöld að breyta fyrirkomulagi byggðakvóta þannig að þær verði eingöngu nýttar af dagróðrabátum.

Veiðiheimildunum verði úthlutað til byggðarlaga samkvæmt sömu forsendum og verið hefur. Nýting heimildanna verði í höndum dagróðrabáta í formi ívilnunar á aflamark við löndun.

Línuívilnun

Fundurinn vill standa vörð um línuívilnunina og hún nái til allra báta sem stunda línuveiðar í dagróðrum til að skapa sterkari stöðu fyrir landsbyggðina og minni sjávarbyggðir. Með henni er verið að koma til móts við hagsmuni og þarfir minni byggða þar sem beitning er snar þáttur í atvinnulífinu og byggðunum mjög mikilvæg.
Þá skorar fundurinn á stjórnvöld að hækka línuívilnun í ýsu upp í 30% þannig að mögulegt verði að nýta þann þorsk sem úthlutað er.

Makríll

Fundurinn skorar á stjórnvöld að aflétta öllum veiðitakmörkunum af færaveiðum smábáta á makríl.

Lúðuveiðar

Fundurinn krefst þess að heimilt verði að fénýta lúðu sem veiðist á handfæri og línu sem meðafli.

Grásleppa

Fundurinn leggur til að veiðidagar á grásleppu verði 40 á næsta ári
Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að fela Hafrannsóknastofnun að óska eftir gögnum frá stjórn Alþjóða náttúruverndarsjóðsins (WWF) um hvað liggi til grundvallar þeirri ákvörðun hans að setja grásleppu- og grásleppuhrogn á válista.
Fundurinn hvetur veiðimenn að hefja ekki veiðar fyrr en verð og veiðimagn liggur fyrir.

Kári Borgar Ásgrímsson er fulltrúi félagsins í grásleppunefnd

Fjarskiptasamband - sími

Fundurinn krefst úrbóta á síma- og öðrum fjarskipasamböndum á veiðisvæðum smábáta fyrir Austurlandi og víða inni á fjörðum. Bent er á að bæði er rafmagn og sími á Dalatanga.

Auka heimildir vegna stækkunar báta

Fundurinn skorar á stjórnvöld að auka veiðiheimildir í krókaafla-markskerfinu.
Með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða nr. 82/2013 þar sem stærðarmörk krókaaflamarksbáta voru færð upp að 15 metrum og að 30 brúttótonnum var gripið hastarlega inn í starfsumhverfi útgerða krókaaflamarksbáta. Jafnvægi til leigu á veiðiheimildum hafði ríkt en með ákvörðun Alþingis varð gjörbreyting þar á og nú nánast vonlaust að

fá kvóta á leigu.

Fundurinn telur einsýnt að lagabreytingunni hafi þurft að fylgja mótvægisaðgerðir og krefst þess að stjórnvöld axli ábyrgð af afleiðingum þessa inngrips með því að auka aflaheimildir krókaaflamarksbáta.